


FISKRÆKT I MIDA, DALASYSLU

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, október 1991 VMST-V/91026X



Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild
Fiskirækt og fiskeldi ■ Rannsóknir og ráðgjöf

Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
S: 93-71197/71097
Fax: 93-71048

INNGANGUR

A undanförnum árum eða allt frá árinu 1986 hefur Veiðifélag Miðdæla sleppt sumaröldum laxaseiðum á ónýtt beitarsvæði árinna til laxaræktunar. Að jafnaði hefur um 10.000 laxaseiðum verið sleppt árlega utan 1991, en þá var sleppt um 5000 laxaseiðum. Sleppisvæðin sem notuð hafa verið eru í Tunguá ofan foss, í Reykjadalssá og Austurá. Ennfremur hefur einhverju magni verið sleppt í Hundadalsá. Þessar sleppingar voru gerðar samkvæmt niðurstöðum rannsókna 1985 (Sigurður Már Einarsson 1986), en þá voru slíkar sleppingar taldar vænleg ræktunaraðferð. Að auki hefur einhverju magni gönguseiða verið sleppt til ræktunar í ánni. Laxveiði í Miðá hefur hins vegar ekki vaxið eins og vænst var (Mynd 1) og hefur verið um 100 laxar síðastliðin þrjú ár. Meðalveiðin í Miðá 1974-1990 er 132 laxar, en á því tímabili hefur áin hrokkið niður í 35 laxa og mesta veiðin var 245 laxar.

Í lok september var athugun gerð á nokkrum stöðum í Miðá og var markmiðið að athuga útkomu seiðasleppinga í ána og athuga hvernig vexti og þéttleika þeirra væri háttað og athuga þannig hvort ástæða væri til að endurskoða aðferðir við fiskrækt árinna.

ADFERÐIR

Áin var athuguð með því að rafveiða nokkur sleppisvæði í ánni, en á þann hátt má áætla þéttleika seiða í ánni og kanna vöxt þeirra. Þéttleiki var reiknaður eftir eina rafveiðiyfirferð á 100 m² botnflatarmál. Átla má að 30 - 40% seiða fáiast í einni rafveiðiyfirferð. Veitt var á ófiskgengum hluta Tunguár við Háafell og ennfremur var fiskgengi hlutinn athugaður á einum stað nokkuð ofan við veiðihúsið. Reykjadalssá var athuguð á mótis við Reykjadalsslaug og Austurá var athuguð nokkuð ofan við þjóðveginn. Þá var veitt í Hundadalsá fyrir ofan brú.

NIDURSTÖÐUR

Tunguá

Í Tunguá við Háafell veiddust þrjár árgangar sleppiseiða, þ.e. sleppingar frá 1989 - 1991 eða 0+ - 2+ seiði. Þéttleiki þeirra reyndist vera 6,3 seiði á 100 m² (Tafla 1). Vöxtur seiðanna (Tafla 2, Mynd 2) sýndi að stærstur hluti seiðanna nær göngustærð eftir tveggja ára dvöl í ánni. Lítil hluti seiðanna dvelur 3 ár aðallega kynþroska seiðahængar sem sitja eftir í ánni.

TAFLA 1
Þéttleiki laxaseiða á veiðistöðum í Miðá 24.09.91
(Fjöldi í einni yfirferð á 100 m²)
(* : Sleppiseiði)

Veiðistaður	0+	1+	2+	3+	4+	Alls
Tunguá/Háafell	2,7*	3,0*	0,6*			6,3
Tunguá/Veiðihús		7,9	12,4	1,5		21,8
Reykjadá/Laug	3,8*	0,6*		0,6		5,0
Austurá/neðst	6,9*	9,7*	0,6*		0,6*	17,8
Hundadalsá/brú		4,0	2,5			6,5

A fiskgenga hluta Tunguár reyndist vera mjög mikið seiðamagn eða 21,8 seiði á hverja 100 m² (Tafla 1). Seiðin voru af þremur aldurshópum eða eins árs til þriggja ára eða árgangar fæddir 1988 - 1990. Engin seiði fundust frá 1991 (hrygning 1990). Vöxtur seiðanna var góður (Tafla 2, Mynd 2), en þó lakari en á ófiskgenga hlutanum þar sem seiði af sömu aldurshópum hafa um 2 sm forskot á jafnaldra sína er þeim er sleppt.

TAFLA 2
Vöxtur laxaseiða á veiðistöðum (sm).
(Fjöldi seiða í sviga)

Veiðistaður	0+	1+	2+	3+	4+
Tunguá/Háafell	6,5 (9)	10,5 (10)	13,6 (2)		
Tunguá/Veiðihús		8,2 (26)	9,8(41)	11,6(5)	
Reykjadalsá	6,1 (6)	10,6 (1)		12,5(1)	
Austurá	6,0(12)	10,2 (17)	13,8 (1)		15,2(1)
Hundadalsá		7,7 (8)	10,2 (4)		
Reykjadalsá					

Í Reykjadalssá var nokkru minni þéttleiki en í Tunguá eða 5 seiði á hverja 100 m² (Tafla 1). Vöxtur var einnig nokkru lakari en í Tunguá en þó vel viðunandi (Tafla 2, Mynd 2). Í

Reykjadalsá fundust aðallega sleppiseiði frá 1991, en lítið varð vart við eldri árganga. Eitt seiði fannst af náttúrulegum uppruna.

Austurá

I Austurá fannst mikið seiðamagn eða sem samsvarar 17,8 seiðum á 100 m². Seiðin voru af sleppiárgöngum 1988 - 1991, en aðallega frá 1990 - 1991 (Tafla 1). Vöxtur var svipaður og í Reykjadalssá og seiðin fara að langstærstum hluta til sjávar eftir tveggja ára dvöl í ánni.

Hundadalsá

I Hundadalsá fannst reytingur af eins og tveggja ára náttúrulegum laxaseiðum, en einnig reyndist mjög mikið af bleikjuseiðum í ánni á þessum hluta hennar. Lax nýtir því greinilega ána að einhverju leyti. Vöxtur var nokkru lakari en í Tunguá.

UMRÆÐUR

Af niðurstöðum má ráða að sleppiseiðin virðast dafna vel á þeim sleppisvæðum sem notuð hafa verið. Vöxtur þeirra er góður og ná seiðin að stærstum hluta göngustærð eftir tveggja ára dvöl í ánni. Erfitt er að dæma um afföll í ánni þar sem þéttleiki við dreifingu er ekki þekktur, en afföllin virðast þó ekki vera verulega mikil. Arangurinn hvað laxgengd í ána virðist þó við fyrstu sín ekki vera nægilega góður. Þannig hefðu fyrstu laxarnir átt að skila sér í ána árið 1989 og magn laxa sem skilar sér ætti að vera aukast. Niðurstöður annars staðar frá hafa sýnt að heimtur úr smáseiðasleppingum eru frá 0,5 - 1,0% í veiði og 10.000 seiða slepping árlega ætti því að gefa 50 - 100 laxa veiði. Síðustu þrjú ár hafa hins vegar almennt verið mjög óhagstæð fyrir laxaframleiðslu vegna afleitra skilyrða í sjó og gefa því örugglega ekki rétta mynd af þeim árangri sem hægt er að ná með slíkri ræktun. Ennfremur er ekkert vitað um eigin framleiðslu árinna á fiskgengum hlutum á þessu tímabili. Því er mælt með því að árangur af sleppingum verði athugaður með töku hreistursýna af sem flestum löxum sem veiðast í ánni, en á

Þann hátt má aðgreina fisk úr smáseiðasleppingum frá eigin klaki árinna. Einnig er mælt með því að sleppingu smáseiða verði haldið áfram í sama mæli og verið hefur þar til óbyggjandi niðurstöður liggja fyrir um árangur sleppinganna. Astand seiða á fiskgenga hlutanum bendir til að framleiðsla seiða sé góð einkum hvað eldri árganga varðar, en ástæða er til að athuga mun betur yngri árganga frá 1991 og 1990 og þarf mun ýtarlegri rannsókn að koma til sumarið 1992 til að skera úr um það. Öll ytri skilyrði hvað laxgengd varðar eru nú hagstæðari en verið hefur um árabíl og eru líkur á að veiði aukist nokkuð 1992 af þeim sökum. Einkum ætti smálaxagengd að vera með betra móti.

Gönguseiðasleppingar koma til greina við ræktun árinna. Skilyrðislaust ætti þó að merkja seiðin með örmerkjum þannig að hægt sé að meta árangur slíkra sleppinga. Gönguseiði gefa oft góðan árangur, en einnig eru mörg dæmi um að slíkar sleppingar skila litlu sem engu, þar sem árangur er undir því kominn að rétt eldistækni skili sér í framleiðslu góðra seiða og aðferðir við sleppingu séu réttar.


HEIMILDIR

Sigurður Már Einarsson 1986. Fiskræktarmöguleikar í Miðá, Dalasýslu. VMST-V. Skýrsla 4 bls.

MYND 1: Laxveiði í Miðá 1961 - 1991.

MÍÐÁ DALASÝSLU

Laxveiði 1961-1991



MYND 2: Lengdardreifing og aldur laxaseiða 24.09.91

